



Gildi-lífeyrissjóður
*Sjóðfélaga- og
fulltrúaráðsfundur*
25. nóvember 2021

Dagskrá

- **Staða og starfsemi Gildis**

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis

- **Fjárfestingar Gildis**

Davíð Rudolfsson, forstöðumaður eignastýringar Gildis

- **Hækkandi lífaldur, hvernig bregðast lífeyrissjóðir við?**

Vigfús Ásgeirsson, tryggingastærðfræðingur

- **Önnur mál**



Fyrirspurnir:
fundur@gildi.is



GILDI


Starfsemi Gildis 2021

Aðlögun vegna COVID-19

- Ekki tekið á móti viðskiptavinum hluta ársins
- Starfsfólki skipt í hópa
- Áhersla á rafrænar lausnir
 - Sjóðfélagavefur
 - Launagreiðendavefur
- Rafrænar fundir
 - Rafrænn fulltrúaráðsfundur 7. apríl (TEAMS)
 - Rafrænn ársfundur 15. apríl


Hrein eign samtryggingardeildar

1. janúar til 30. september 2021




Ávöxtun samtryggingardeildar

Til 30. september




Ávöxtun séreignardeildar


Framtíðarsýn 1



Framtíðarsýn 2




Framtíðarsýn 3



Til 30. september

Hrein nafnávöxtun




5 ára meðaltal
10 ára meðaltal

11,5%
10,0%

***Til 30. september**

Hrein raunávöxtun



5 ára meðaltal
10 ára meðaltal

8,1%
6,9%

*Til 30. september

Iðgjöld *heildargreiðslur*

30. september

	2021	2020
Samtryggingardeild	24.574	23.459
Séreignardeild	253	237
Tilgreind séreignardeild	110	103
	24.937	23.799

Í milljónum króna

Lífeyrir

30. september

	2021	2020
Ellilífeyrir	9.975	9.109
Örorkulífeyrir	4.646	4.223
Makalífeyrir	780	747
Barnalífeyrir	121	165
Útgreiðslur úr séreignardeild	176	208
	15.698	14.452

Í milljónum króna

Rekstur

30. september

	2021	2020
Laun og launatengd gjöld	552	478
Rekstur tölvukerfa og hugbúnaður	180	147
Húsnæði	42	20
Fjármálaeftirlitið	28	39
Annað	171	125
	933	820

Í milljónum króna

Rekstur

Rekstrarkostnaður fyrstu níu mánuði ársins 2021: 933 millj. kr.

Þjónusta og starfsemi:

- 246 þúsund einstaklingar eiga réttindi hjá Gildi
- 37 þúsund eiga rétt í séreignardeild Gildis
- 27 þúsund fá árlega greiddan elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri
- 52 þúsund greiða iðgjöld til sjóðsins
- Tæplega 780 sjóðfélagalán veitt
- 856 milljarða kr. eignasafn

Kostnaðarhlutfall sjóðsins á ársgrundvelli: 0,15%

Hrein eign

30. september


2021

2020

Samtryggingardeild	855.785	727.288
Séreignardeild	6.736	6.289
Tilgreind séreignardeild	556	291
	863.077	733.868


Í milljónum króna

Tryggingafræðileg staða




*30.09.2021

Ný sjóðfélagalán - fjöldi



***30.09.2021**

Ný sjóðfélagalán (í milljörðum kr.)




***30.09.2021**

Sjóðfélagalán

Útlán og uppgreiðslur (í milljörðum kr.)



Þróun vaxta á grunnlánum hjá Gildi



Breytingar á samþykktum á ársfundi 2021

Breytingar á gr. 4.1. og 4.2. staðfestar

- Um skyldur stjórnarmanna og heimild til afturköllunar á umboði þeirra.

Breytingar á gr. 3.1. og 16.2. ekki staðfestar

- Um meðferð iðgjalda sjóðfélaga yngri en 16 ára og eldri en 70 ára.

Tölvukerfið Jóakim

Reiknistofa lífeyrissjóða (RL)

Félag í eigu 10 lífeyrissjóða um rekstur á tölvukerfi:

- Gildi lífeyrissjóður
- Birta lífeyrissjóður
- Stapi lífeyrissjóður
- SL lífeyrissjóður
- Festa lífeyrissjóður
- Brú lífeyrissjóður (notar ekki kerfið)
- Lífsverk lífeyrissjóður
- Lífeyrissjóður bænda
- Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
- Lífeyrissjóður Rangæinga

Tölvukerfið Jóakim

Jóakim

Tölvukerfi í eigu RL

- Iðgjaldakerfi
- Lífeyriskerfi
- Lánakerfi
- Verðbréfakerfi

Init

Fyrirtæki sem rekur tölvukerfi fyrir RL

Tölvukerfið Jóakim

- 2016 (nóvember):** Samningi við Init sagt upp
- 2017 (október):** Nýr samningur gerður við Init
- 2021 (byrjun árs):** Gildi segir upp samningi um lána- og verðbréfakerfi
- 2021 (18. mars):** Ný stjórn RL kjörin
- 2021 (29. apríl):** Kveikur fjallar um Init, RL og Jóakim
- 2021 (4. júní):** Samningi RL við Init sagt upp
- 2021 (7. júlí):** Niðurstöður úttektar Ernst & Young birtar
- 2021 (21. október):** Stjórn RL ákveður að taka yfir rekstur Jóakim

Framkvæmd hluthafastefnu

- Gildi leggur sérstaka áherslu á stjórnarhætti og fjallar hluthafastefna sjóðsins um hvernig sjóðurinn beitir sér sem eigandi.
- Stjórn og starfsmenn Gildis fylgja eftir áherslum hluthafastefnunnar og koma þeim á framfæri með markvissum hætti.
- Fundir þar sem Gildi beitti sér sérstaklega á árinu:
 - Aðalfundur Arionbanka - starfskjarastefna - tilnefningarnefnd - bókun.
 - Aðalfundur Haga - kaupréttarkerfi - breytingartillaga Gildis.
 - Hluthafafundur Skeljungs - breyting á tilgangi félagsins, sala dótturfélags, kaup á eigin hlutum - bókun.
- Gildi birtir á heimasíðu sinni yfirlit yfir það hvernig hann beitir atkvæðisrétti sínum á aðal- og hluthafafundum félaga.

Framkvæmd hluthafastefnu

GILDI Lífeyrir Séreign Lán Iðgjöld Eignir Um Gildi English Innskrá Spurt og svarað

Eru kaflaskil í þínu lífi?

Nýliði á vinnumarkaði →	Lífeyrisréttindi →
Breytingar í starfi →	Taka lífeyris hefst →
Fasteignakaup →	Óvænt áfall →

Reikna lífeyri Sjóðfélagavefur Launagreiðendavefur

Fréttir og tilkynningar

Rafrænn sjóðfélaga- og fulltrúaráðsfundur Gildis

Rafrænn sjóðfélaga- og fulltrúaráðsfundur Gildis verður haldinn fimmtudaginn 25. nóvember klukkan 17.00. Á fundinum verður farið yfir stöðu og starfsemi sjóðsins á árinu 2021 og áhrif hækkandi lífaldurs á lífeyriskerfið.

Lesið meira Fleiri fréttir

Launagreiðendavefur

Afþakka pappír

Upplýsingavefur um lífeyrismál

Framkvæmd hluthafastefnu

Stjórnarseta fyrir Gildi

Framkvæmd hluthafastefnu



Framkvæmd hluthafastefnu Gildis

Fyrirtæki	Fundur	Ár
Skeljungur	Hluthafafundur	07. okt 2021
Hagar	Aðalfundur	03. jún 2021
Arnarlax	Aðalfundur	21. maí 2021
Festi	Aðalfundur	22. mar 2021
Syn	Aðalfundur	19. mar 2021
Vís	Aðalfundur	19. mar 2021
Tryggingamiðstöðin	Aðalfundur	18. mar 2021
Marel	Aðalfundur	17. mar 2021
Arion banki	Aðalfundur	16. mar 2021
Icelandair	Aðalfundur	12. mar 2021
Sjóvá	Aðalfundur	12. mar 2021
Reitir	Aðalfundur	11. mar 2021
Siminn	Aðalfundur	11. mar 2021
Reginn	Aðalfundur	10. mar 2021
Össur	Aðalfundur	08. mar 2021
Skeljungur	Aðalfundur	04. mar 2021
Icelandair	Hluthafafundur	09. sep 2020
Hagar	Aðalfundur	09. jún 2020

Aðalfundur Haga 2021

Aðalfundur Haga hf. árið 2021 fór fram fimmtudaginn 3. júní á Hilton Reykjavík Nordica.

Dagskrárlíður	Lagt fram af	Afgreiðsla*
Ársreikningur félagsins	Stjórn	Samþykkt
Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins	Stjórn	Samþykkt
Tillaga að lækkun hlutafjár	Stjórn	Samþykkt
Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda	Stjórn	Samþykkt
Tillaga um starfskjarastefnu, kaupréttarkerfi og skýrsla starfskjaranefndar	Stjórn með breytingatillögu Gildis	Samþykkt**
Tillaga um breytingu á starfsreglum tilnefningarnefndar	Stjórn	Samþykkt
Kosning tilnefningarnefndar		Sjálfkjörið
Kosning stjórnar félagsins		Sjálfkjörið
Kosning endurskoðanda	Stjórn	Samþykkt
Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum	Stjórn	Samþykkt

*Afgreiðsla fulltrúa Gildis á fundinum. Niðurstaða fundar gæti verið önnur.

**Gildi lagði fram breytingatillögu við tillögu stjórnar um kaupréttarkerfi en gerði ekki athugasemd við starfskjarastefnu eða skýrslu starfskjaranefndar.

- [Breytingatillaga Gildis](#)
- [Nánari upplýsingar um fundinn má finna hér.](#)

Ísland efst í alþjóðlegum samanburði lífeyriskerfa

- Ísland var í ár í fyrsta sinn með í alþjóðlegri lífeyrisvísitölu **Mercer - CFA Institute**.
- Vísitalan metur heildarstyrk lífeyriskerfa út frá 3 meginþáttum; nægjanleika, sjálfbærni og trausti.
- Alls 43 kerfi/lönd úr öllum heimsálfum, þar á meðal öll Norðurlöndin og fjöl mörg lönd í Evrópu.

Úttekt Mercer á lífeyriskerfum

Fimm bestu lífeyriskerfin

Land	Heildar einkunn	Nægjanleiki	Sjálfbærni	Traust
Ísland	84,2	82,7	84,6	86,0
Holland	83,5	82,3	81,6	87,9
Danmörk	82,0	81,1	83,5	81,4
Ísrael	77,1	73,6	76,1	83,9
Noregur	75,2	81,2	57,4	90,2

Úttekt Mercer á lífeyriskerfum

Styrkur íslenska kerfisins

- Góðir stjórnarhættir og regluverk lífeyrissjóða í kerfi með góða eiginleika.
- Samtryggingarlífeyrissjóðir sem allt launafólk á aðild að með hárri iðgjaldaprósentu. Það leiðir til þess að verulegar eignir eru lagðar til hliðar fyrir framtíðina.
- Tiltölulega ríflegur lífeyrir frá ríkinu (Tryggingastofnun).

Það sem mætti bæta

- að lækka skuldir heimila sem hlutfall af vergri landsframleiðslu
- að lækka skuldir ríkisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu
- að hækka lífeyrisaldur eftir því sem lífslíkur halda áfram að aukast



Fyrirspurnir:
fundur@gildi.is




GILDI

Verðbréfamarkaðir

Þróunin fram til 17. nóvember 2021


Gengisþróun íslensku krónunnar

- frá ársbyrjun til 17. nóvember 2021




Þróun innlendarar verðbólgu - 12 mánaða

- frá nóvember 2020 til nóvember 2021



Verðþróun innlendra ríkisskuldabréfa*


- frá ársbyrjun til 17. nóvember 2021



*Samkvæmt innlendum skuldabréfavísitölum OMX.


Óverðtryggð ríkisskuldabréf, ávöxtunarkrafa

- frá ársbyrjun til 17. nóvember 2021




Verðtryggð ríkisskuldabréf, ávöxtunarkrafa

- frá ársbyrjun til 17. nóvember 2021




Innlend hlutabréf - OMXIGI vísitalan

- uppsöfnuð ávöxtun í lok hvers mánaðar á árinu 2021



Ávöxtun innlendra skráðra hlutabréfa*


- frá ársbyrjun til 17. nóvember 2021



*Össur og Icelandic Salmon eru höfð með inni í samanburðinum þó þau séu skráð á markaði erlendis.


Þróun erlendra hlutabréfamarkaða

- frá ársbyrjun 2020 til 17. nóvember 2021 (í heimamynt)




Þróun erlendra hlutabréfamarkaða

- frá ársbyrjun 2020 til 17. nóvember 2021 (mælt í ISK)




Þróun erlendra hlutabréfa og skuldabréfa

- frá ársbyrjun til 17. nóvember 2021 (mælt í USD)



Þróun erlendra hlutabréfa og skuldabréfa

- frá ársbyrjun til 17. nóvember 2021 (mælt í ISK)



Helstu breytingar á verðbréfamarkaði

- frá ársbyrjun til 17. nóvember 2021

- Verðbólga hefur farið hækkandi á árinu og stendur 12 mánaða verðbólga nú í 4,5%.
- Stýrivextir Seðlabankans hafa hækkað um 1,25 prósentustig á árinu og standa nú í 2,00%.
- Íslenskan krónan hefur veikst um 4,1% gagnvart USD og um 2,6% gagnvart bresku pundi en styrkst um 4,0% gagnvart EUR.
- Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa hefur hækkað nokkuð á árinu, krafa styttri flokka hækkað um tæp 1,5 prósentustig en lengri flokkar um 1 prósentustig.
- Krafa verðtryggðra ríkisbréfa hefur lækkað og er ýmist neikvæð eða nærri núlli, styttri flokkar meira (lækkun um 0,3% til 1,85%) en lengri flokkar minna (lækkun um 0,1% til 0,25%).

Helstu breytingar á verðbréfamarkaði (#2)

- frá ársbyrjun til 17. nóvember 2021


- Innlend hlutabréf hafa hækkað um 41% frá áramótum (OMXIGI-All Share).
- Erlend hlutabréf (MSCI World) hafa hækkað um 21,3% í USD frá áramótum eða um 26,2% mælt í ISK.
- Erlend vísitala skuldabréfa (Global Aggregate) hefur lækkað um 4,9% í USD frá áramótum eða um 1,0% mælt í ISK.

Samtryggingardeild

Eignasafn og ávöxtun m.v. 30. september 2021


Eignasafn samtryggingardeilar

- staðan 30. september 2021




Nafnávöxtun eignaflokka samtryggingard.

- frá ársbyrjun 2021 til 30. september 2021




Fjárfestingartekjur verðbréfa og innlána (#1)

- frá ársbyrjun 2021 til 30. september 2021 (ma.kr.)




Fjárfestingartekjur verðbréfa og innlána (#2)

- frá ársbyrjun 2021 til 30. september 2021 (ma.kr.)




Innlend hlutabréf samtryggingardeildar

- eignastaða 30. september 2021 (ma.kr.)



Innlend hlutabréf samtryggingardeildar

- hagnaður/tap frá ársbyrjun til 30. september 2021 (ma.kr.)



*TM sameinaðist Kviku á árinu

Vilji til grænna fjárfestinga (#1)

Aðild að Climate Investment Coalition (CIC)

- Viljayfirlýsing **13 íslenskra lífeyrissjóða**, þar á meðal Gildis, gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC) var undirrituð á haustmánuðum og kynnt á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, COP26, sem fór fram í Glasgow í Skotlandi.
- Fjárfesting fyrir samtals um **580 ma.kr.** í verkefnum sem tengjast hreinni orku og öðrum umhverfisvænum lausnum fram til ársins 2030, þar af stefnir Gildi að um **95 ma.kr.** fjárfestingu sem samsvarar **8%** af áætluðum heildareignum í árslok 2030.
- Áhersla á sjálfbærar, grænar orkulausnir, þ.e. verkefni sem tengjast framleiðslu á hreinni orku, bættri orkunýtingu og bættri tækni við flutning á hreinni orku.

Vilji til grænna fjárfestinga (#2)

Aðild að Climate Investment Coalition (CIC)

- Fjárfestingarnar geta verið á ýmsu formi, bæði beint í gegnum einstaka hlutabréf, græn skuldabréf og grænvottaðar fasteignir eða óbeint, t.d. í gegnum sérhæfða framtakssjóði, innviðasjóði, fasteignasjóði og skuldabréfasjóði.
- Upplýst verður um framgang framtaksins árlega á sameiginlegum grunni, sjóðirnir hafa fullt frjálsræði til að uppfæra sín markmið.
- Eftir sem áður verður áhersla Gildis fyrst og síðast á ávöxtun eigna og stýringu á áhættu tengdri fjárfestingum.

Fjárfestingarstefna 2022

Fjárfestingarstefna 2022

- helstu breytingar á stefnu fyrir samtryggingardeild

Vægi hlutabréfa aukið á sama tíma og dregið er úr vægi skuldabréfa

Hlutabréf:

- Aukin áhersla á innlend hlutabréf og vilmörk aukin upp á við

Skuldabréf:

- Dregið úr vægi fyrirtækjaskuldabréfa, veðskuldabréfa og erlendra skuldabréfa
- Aukið vægi skuldabréfa með ábyrgð ríkisins

Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar

Samtryggingardeild - fjárfestingarstefna 2022:

Samtryggingadeild Verðbréfaflokkur	Stefna	Eignir þann	Stefna	Heimiluð frávik		
	2021	08.11.2021	2022	Mism.	Lágmark	Hámark
INNLÁN	0,5%	2,1%	0,5%	-1,6%	0,0%	10,0%
SKULDABRÉF	48,5%	42,2%	46,5%	4,3%	35,0%	65,0%
- Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	17,5%	18,5%	18,5%	0,0%	12,0%	27,0%
- Skuldabréf banka og sparisjóða	7,0%	6,8%	7,0%	0,2%	3,0%	11,0%
- Veðskuldabréf	11,0%	7,7%	10,0%	2,3%	2,0%	16,0%
- Skuldabréf sveitarfélaga	2,0%	1,8%	2,0%	0,2%	0,0%	5,0%
- Skuldabréf fyrirtækja	8,0%	5,3%	7,0%	1,7%	2,0%	14,0%
- Erlendir skammtímasjóðir	0,0%	0,2%	0,0%	-0,2%	0,0%	10,0%
- Erlend skuldabréf	3,0%	2,0%	2,0%	0,0%	0,0%	12,0%
HLUTABRÉF	50,0%	55,0%	52,0%	-3,0%	35,0%	60,0%
- Innlend hlutabréf	19,0%	24,2%	21,0%	-3,2%	11,0%	28,0%
- Erlend hlutabréf	31,0%	30,7%	31,0%	0,3%	18,0%	38,0%
AÐRAR FJÁRFESTINGAR	1,0%	0,8%	1,0%	0,2%	0,0%	4,0%
SAMTALS	100,0%	100,0%	100,0%	0,0%		

Breytingar frá 2021

Stefna	Heimiluð frávik	
2021	Lágmark	Hámark
0,0%	0,0%	0,0%
-2,0%	0,0%	0,0%
1,0%	0,0%	0,0%
0,0%	0,0%	0,0%
-1,0%	0,0%	0,0%
0,0%	0,0%	0,0%
-1,0%	0,0%	0,0%
0,0%	0,0%	0,0%
-1,0%	-1,0%	0,0%
2,0%	0,0%	0,0%
2,0%	1,0%	2,0%
0,0%	0,0%	0,0%
0,0%	0,0%	0,0%

Fjárfestingarstefna 2022

- helstu breytingar á stefnu fyrir séreignardeildir

Vægi hlutabréfa og skuldabréfa helst óbreytt

Hlutabréf:

- Aukin áhersla á innlend hlutabréf
- Dregið úr vægi erlendra hlutabréfa

Skuldabréf:

- Dregið úr vægi skuldabréfa með ábyrgð ríkisins og erlendra skuldabréfa
- Aukið vægi fyrirtækjaskuldabréfa og skuldabréfa banka- og sparisjóða

Fjárfestingarstefna Framtíðarsýnar 1

- séreignarleidd, 65% skuldabréf og 35% hlutabréf

Framtíðarsýn 1 - fjárfestingarstefna 2022:

Samtryggingadeild Verðbréfaflokkur	Stefna	Eignir þann	Stefna	Heimiluð frávik		
	2021	8.11.2021	2022	Mism.	Lágmark	Hámark
SKULDABRÉF	65,0%	57,0%	65,0%	8,0%	55,0%	75,0%
- Innlán	1,0%	3,7%	1,0%	-2,7%	0,0%	15,0%
- Skuldabréf með ríkis ábyrgð	27,0%	24,5%	25,0%	0,5%	12,0%	65,0%
- Skuldabréf banka og sparisjóða	15,0%	12,8%	17,0%	4,2%	0,0%	26,0%
- Veðskuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
- Skuldabréf sveitarfélaga	3,0%	3,0%	3,0%	0,0%	0,0%	10,0%
- Skuldabréf fyrirtækja	14,0%	10,3%	16,0%	5,7%	0,0%	23,0%
- Erlendir skammtímasjóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
- Erlend skuldabréf	5,0%	2,9%	3,0%	0,1%	0,0%	15,0%
HLUTABRÉF	35,0%	43,0%	35,0%	-8,0%	25,0%	45,0%
- Innlend hlutabréf	14,0%	19,4%	16,0%	-3,4%	0,0%	25,0%
- Erlend hlutabréf	21,0%	23,6%	19,0%	-4,6%	10,0%	40,0%
SAMTALS	100,0%	100,0%	100,0%	0,0%		

Breytingar frá 2021

Stefna	Heimiluð frávik	
2021	Lágmark	Hámark
0,0%	0,0%	0,0%
0,0%	0,0%	0,0%
-2,0%	-3,0%	0,0%
2,0%	0,0%	0,0%
0,0%	0,0%	0,0%
0,0%	0,0%	0,0%
2,0%	0,0%	0,0%
0,0%	0,0%	0,0%
-2,0%	0,0%	0,0%
0,0%	0,0%	0,0%
2,0%	0,0%	0,0%
-2,0%	0,0%	0,0%

Fjárfestingarstefna Framtíðarsýnar 2

- séreignarleidd, 80% skuldabréf og 20% hlutabréf

Framtíðarsýn 2 - fjárfestingarstefna 2022:

Samtryggingadeild Verðbréfaflokkur	Stefna	Eignir þann	Stefna	Heimiluð frávik		
	2021	8.11.2021	2022	Mism.	Lágmark	Hámark
SKULDABRÉF	80,0%	72,9%	80,0%	7,1%	70,0%	90,0%
- Innlán	1,0%	4,0%	1,0%	-3,0%	0,0%	15,0%
- Skuldabréf með ríkisábyrgð	34,0%	31,5%	30,0%	-1,5%	20,0%	80,0%
- Skuldabréf banka og sparisjóða	18,0%	16,0%	21,0%	5,0%	0,0%	28,0%
- Veðskuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
- Skuldabréf sveitarfélaga	4,0%	3,8%	4,0%	0,2%	0,0%	10,0%
- Skuldabréf fyrirtækja	17,0%	13,8%	20,0%	6,2%	0,0%	26,0%
- Erlendir skammtímasjóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
- Erlend skuldabréf	6,0%	3,7%	4,0%	0,3%	0,0%	15,0%
HLUTABRÉF	20,0%	27,1%	20,0%	-7,1%	10,0%	30,0%
- Innlend hlutabréf	8,0%	13,2%	9,0%	-4,2%	0,0%	20,0%
- Erlend hlutabréf	12,0%	13,9%	11,0%	-2,9%	5,0%	25,0%
SAMTALS	100,0%	100,0%	100,0%	0,0%		

Breytingar frá 2021

Stefna	Heimiluð frávik	
2021	Lágmark	Hámark
0,0%	0,0%	0,0%
0,0%	0,0%	0,0%
-4,0%	-5,0%	0,0%
3,0%	0,0%	0,0%
0,0%	0,0%	0,0%
0,0%	0,0%	0,0%
3,0%	0,0%	0,0%
0,0%	0,0%	0,0%
-2,0%	0,0%	0,0%
0,0%	0,0%	0,0%
1,0%	0,0%	0,0%
-1,0%	0,0%	0,0%



Fyrirspurnir:
fundur@gildi.is



GILDI

HVERS VEGNA BREYTING Á RÉTTINDUM?

KYNNING FYRIR FULLTRÚARÁÐ GILDIS
LÍFEYRISSJÓÐS 25. NÓVEMBER 2021



TALNAKÖNNUN HF



Nokkrar staðreyndir

Langlífi eykst stöðugt

Ekki hefur verið tekið tillit til þess við mat á greiðslugetu lífeyrissjóða

Ef ekkert verður að gert geta lífeyrissjóðir ekki staðið við réttindatöflur

Þetta bitnar á yngstu árgöngunum, sem munu fá mun minni lífeyri en nú er greiddur

Þess vegna er nauðsynlegt að grípa til aðgerða


Ekki er verið að skerða lífeyri, en hann þarf að endast lengur en áður og því minna greitt út á hverju ári

Annað hvort þarf fólk að vinna lengur eða fá minna greitt á hverju ári en áður

Því fyrr sem gripið er til aðgerða, því minna verður höggið

Á móti kemur að iðgjöld hafa verið hækkuð úr 12,0% í 15,5% hjá mörgum. Yngstu árgangar njóta þess mest.

Bakgrunnur – Tölfræðin sýnir að fólk lifir sífelld lengur



Ellilífeyririnn er uppsafnaður

Nú þarf hann að endast lengur en áður.

Þetta virkar svipað eins og innistæða í banka. Ef henni er skipt í marga hluta verður hver hlutur minni ef hlutirnir eru fleiri.

Árið **1971** gat 67 ára karlmaður búist við að lifa í 14 ár. Segjum til einföldunar að hann hefði átt í sjóði 50 milljónir að núvirði. Hann hefði átt að fá um **fimm** milljónir á ári frá lífeyrissjóði (með vöxtum og reiknuðum lífslíkum) til æviloka.

Núna, árið **2021** segjum við að jafngamall maður geti búist við að eiga 18 ár eftir ólifðu. Látum hann líka eiga 50 milljónir. Hann gæti fengið um **fjórar** milljónir á ári í lífeyri frá lífeyrissjóði til æviloka.

Eftir 50 ár, árið **2071**, er búist við að 67 ára gamall maður eigi 21 ár eftir ólifað. Hann gæti fengið um **3,5** milljónir á ári í lífeyri til æviloka fyrir 50 milljónir.

Lífeyris-
sjóðurinn greiðir
alltaf sömu
fjárhæð alls


„Vandinn“ er
langlífið

Á þessu eru bara þrjár lausnir:

1. Fólk fer seinna á lífeyri


2. Fólk fer jafngamalt á lífeyri en fær
minni lífeyri árlega

3. Fólk fer jafngamalt á lífeyri, fær
jafnmikinn lífeyri á ári, en hætt að
greiða þegar sjóðurinn kemist



REYNDAR ER FJÓRÐA LAUSNIN TIL

En hún tekur tíma að virka



Nokkur hugtök

Dánar- og eftirlifendatöflur

Gefa líkurnar á því að einstaklingar lifi ákveðið mörg ár (hve stór hluti árgangsins lifir eftir svo og svo mörg ár).

Tryggingafræðileg úttekt

Segir til um getu lífeyrissjóðs til þess að standa við skuldbindingar. Miða við nýjustu dánar- og eftirlifendatöflur

Áfallin staða

Skuldbinding vegna þeirra iðgjalda sem þegar hafa verið greidd (skuldbinding á móti núverandi eignum sjóðsins).

Framtíðarskuldbinding

Mat þeim réttindum sem sjóðfélagar vinna sér inn í framtíðinni. Reiknað hvernig iðgjöld greidd í framtíðinni duga á móti skuldbindingunum sem ávinnast.

Málefnalegar ástæður og jafnræði

Skuldbinding vegna þeirra iðgjalda sem þegar hafa verið greidd jöfnuð við núverandi eignir sjóðsins er **tryggingafræðilegt verðmæti** allra sjóðfélaga. Þessu verðmæti er hægt að skipta niður á einstaklinga.

Réttindum vegna reiknaðra skuldbindinga verður ekki breytt nema á málefnalegan hátt þannig að jafnræðis sé gætt. Þarna verður að huga að því að lífeyrissjóðurinn getur ekki greitt meiri lífeyri en eigur hans segja til.

Því þarf að breyta réttindum sjóðfélaga þegar staða sjóðsins breytist til að tryggja að lífeyrir og væntur lífeyrir sé í samræmi við stöðu sjóðsins, þannig að hverju sinni sé hvorki verið að greiða of háan eða of lágan lífeyri. Það er ekki verið að hækka/lækka lífeyri þegar staðan breytist lítillega, heldur bara þegar hún fer út fyrir vikið, almennt $\pm 5\%$ í heildarstöðu. Hver lífeyrissjóður getur þó ákveðið sín eigin vikið og þá þrengri en lögin segja til.

Breyting á áunnum réttindum

Ef tryggingafræðilegt verðmæti breytist vegna þess að tryggingafræðilegar forsendur (svo sem líftöflur) breytast þá þarf að breyta réttindum þannig að tryggingafræðilegt verðmæti haldist óbreytt.

Þarna er hægt að reikna tryggingafræðilegt verðmæti pr. sérhvern einstakling en þar sem t.d. má ekki mismuna eftir kynjum þá er sjóðfélögum skipt í hópa eftir árgöngum og réttindum allra í hverjum árgangi breytt eins hlutfallslega.

Ef tryggingafræðilegt verðmæti sjóðfélaga breytist vegna breytinga á eign (góð/léleg ávöxtun) þá þarf að breyta réttindum allra hlutfallslega jafn mikið vegna þess að hlutfallið á milli eigna og skuldbindinga hefur breyst. Þessu er þó ekki breytt nema staðan fari út fyrir vikið.

Svo er hægt að breyta réttindum fyrst eftir árgöngum og síðan hjá öllum.

Væntingar og hvenær byrjar sjóðfélagi á eftirlaunum?

Lífeyrissjóðir þurfa að stórauka fræðslu þar sem hornsteinninn er að þeir geta ekki greitt meiri lífeyri en skuldbindingar og eignir segja til um. Eins að nauðsynlegt sé að gæta jafnræðis þannig að hver árgangur fái það sem honum ber.

Að sjálfsögðu þarf áfram að upplýsa um þau réttindi sem sjóðfélagar fá fyrir iðgjöldin. Gjarnan með reiknivél á heimasíðunni.

Það þarf að hverfa frá hugsuninni um lífeyristökualdur. Núna er almenna hugsunin: Ég á rétt á x krónum við 67 ára aldur í stað þess að hugsunin sé að samkvæmt núverandi stöðu eru væntingar mínar um x krónur við 67 ára aldur, x -krónur ef ég hef töku lífeyris fyrr og $x+$ krónur ef ég hef töku lífeyris síðar.

Eins að það sé eðlilegt að þessar væntingar breytist með breyttri stöðu lífeyrissjóðsins.

Hvenær er best að breyta

Þegar nýjar lífslíkur með spá um lækkandi dánartíðni eru teknar upp þá versnar reiknuð staða lífeyrissjóða óhjákvæmilega þar sem þá er reiknað með að greiða eftirlaun lengur.

Þess vegna er mikilvægt að staðan sé góð þegar þessi breyting er gerð því það minnkar líkurnar á því að það þurfi að breyta eftirlaunum miðað við óbreyttan aldur þegar sjóðfélagi ákveður að hefja töku eftirlauna.

Áætluð staða Gildis 30/9/2021 miðað við óbreyttar lífslíkur er 116,8 ma í plús í áfallinni stöðu eða 16,8%. Heildarstaðan er áætluð 100,9 ma eða 8,3% í plus.

Þegar nýjar lífslíkur með spá um lækkandi dánartíðni eru notaðar þá hækka áfallnar skuldbindingar um 53,6 ma eða 7,7% og í heildina hækka skuldbindingarnar um 117,3 ma eða 9,6%.





Fyrirspurnir:
fundur@gildi.is



GILDI

Breyttar lífslíkur

- Óábyrgt að taka ekki á málinu.
- Lykilatriði að reglugerð um upptöku nýrra taflna verði sett fyrir árslok.
- Góður tímapunktur til að mæta auknum lífslíkum ef ávöxtun helst góð út árið.
- Stjórn Gildis hefur ekki tekið ákvörðun um hvaða leið verður farin.
- Ekki verða gerðar breytingar á samþykktum Gildis fyrr en á ársfundi í apríl 2022.



Takk fyrir